

# Fundargerð 2004-02 --- 23. mars

## Dagsetning:

Tue, 23/03/2004

## Stjórnarfundur SÍSL

### haldinn í Skólahljómsveit Kópavogs

#### priðjudaginn 23. mars kl. 08:30

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson, Össur Geirsson og Jón Hjaltason

**1. Landsmót.** Jón Hjaltason gerði grein fyrir stöðu mála. Búið er að ganga frá húsnæði fyrir gistingu og tónleika. Dagsetningar helgast af vetrarleyfum grunnskólanna í Reykjavík og verður mótið því haldið dagana 5. til 7. nóvember 2004. Gist verður í Foldaskóla og Rimaskóla, en tónleikar verða haldnir í Íþróttamiðstöðinni Dalhúsi. Sundlaug er þarna rétt við hliðina og aðstaða öll nokkuð góð. Rúta verður á staðnum á vegum mótshaldara til að létta undir með flutning milli skóla, ef þörf reynist á slíku. Hugmynd er að fá inni á einhverjum stöðum í borginni til að sveitirnar geti haldið sína eigin tónleika á meðan á mótinu stendur. Ráðhúsið er frátekið fyrir okkur á föstudeginum til slíks tónleikahalds og einnig er möguleiki á tónleikum í göngugötunni í Mjóddinni og víðar. Hugsanlega geta minni hópar og fámennari lúðrasveitir spilað í verslunarmiðstöðvum og víðar þar sem minna pláss er fyrir hendi. Stefnt er að því að dagskrá laugardagsins verði alfarið í Grafarvogi. Rætt um mótssetningu og framkvæmd hennar. Rætt um lög fyrir sameiginlega tónleika og tillögur gerðar að eftirtöldum lögum:

- Fyrir A og B sveitir:
  - o Hagavagninn
  - o Kyrrð
  - o Tveir fílar lögðu af stað í leiðangur
  - o Lagið um litina
  
- Fyrir C og D sveitir
  - o Þytur
  - o Tjarnarmars
  - o Fanfare
  - o Öxar við ána

Einnig var ræddur sá möguleiki að láta allar sveitirnar (A, B, C og D) spila saman eitt lag og þá helst Öxar við ána í útsetningu Malcolmá Halloway. Einnig þóttu Marsbúa cha-cha og Ryksugulagið koma til greina.

Einnig var rætt um hvort ekki væri lag að tölvusetja Tjarnarmarsinn fyrir mótið, en hann er nú eingöngu til í handskrifuðum ljósritum.

Ýmis atriði rædd varðandi framkvæmd og tímaáætlun vegna mótsins. Miðað við að þátttökusveitir verði búnar að tilkynna þátttöku og fjölda þáttakenda fyrir 25. september í haust. Rætt um hvort fara eigi fram á greiðslu staðfestingargjalds. Óskað verður eftir grófum hugmyndum um fjölda þátttakenda strax í vor.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:30. Strax að þessum fundi loknum hófst sameiginlegur fundur SÍSL og SÍL. Fundargerð þess fundar ritaði Atli Týr Ægisson ritari SÍL.

Össur Geirsson

ritari.